

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 217/2006

2008/EES/78/06

frá 8. febrúar 2006

um reglur um beitingu tilskipana ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB og 2002/57/EB um að heimila aðildarríkjunum að leyfa tímabundið viðskipti með fræ sem uppfyllir ekki kröfur að því er varðar lágmarksspírunarhæfni*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 17. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns⁽²⁾, einkum 3. mgr. 17. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/54/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu sykurrófufræs⁽³⁾, einkum 3. mgr. 24. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu matjurtafræs⁽⁴⁾, einkum 3. mgr. 38. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjurtafræs⁽⁵⁾, einkum 3. mgr. 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB og 2002/57/EB má aðeins setja á markað fræ ef það uppfyllir kröfur um lágmarksspírunarhæfni eða ef framkvæmdastjórnin hefur, í tilvikum þegar ekki er til nægilegt magn fræja sem uppfylla kröfur um spírunarhæfni, heimilað tímabundið að tilskilið hámarks magn fræja, sem ekki uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipununum varðandi lágmarksspírunarhæfni, verði sett á markað.
- 2) Ferlið við að veita leyfin er of hægvirkt eins og sakir standa.
- 3) Til að einfalda og flýta fyrir málsmeðferð við leyfisveitingu, en jafnframt tryggja það að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin hafi allar þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að meta og bregðast við umsókninni, virðist samráð framkvæmdastjórnarinnar við aðildarríkin vera viðeigandi farvegur.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur varðandi leyfisútsóknir aðildarríkjanna um að heimila setningu fræs á markað tímabundið sem uppfyllir ekki kröfur að því er varðar lágmarksspírunarhæfni skv.:

- a) 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 66/401/EBE,
- b) 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 66/402/EBE,
- c) 1 mgr. 24. gr. tilskipunar 2002/54/EB,
- d) 1 mgr. 38. gr. tilskipunar 2002/55/EB og
- e) 1 mgr. 21. gr. tilskipunar 2002/57/EB.

2. Reglugerð þessi á ekki við um markaðssetningu „stofnfræja“ eins og þau eru skilgreind í tilskipununum sem um getur í 1. mgr.

2. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 38, 9.2.2006, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 29.3.2007, p. 7.

(¹) Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2298/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/117/EB (Stjtið. ESB L 14, 18.1.2005, bls. 18).

(²) Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2309/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/117/EB.

(³) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 12. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/117/EB.

(⁴) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/117/EB.

(⁵) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/117/EB.

1. Aðildarríki, sem á í erfiðleikum með framboð og óskar eftir að leyfa setningu fræs á markað tímabundið sem uppfyllir ekki kröfur að því er varðar lágmarksspírunarhæfni (hér á eftir nefnt „aðildarríkið, sem leggur fram beiðni“), skal leggja fram beiðni til framkvæmdastjórnarinnar með upplýsingunum sem um getur í 3. gr. Jafnframt skal aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, tilkynna hinum aðildarríkjunum um þetta. Hvert aðildarríki skal tilnefna tengiliði.

2. Innan 15 daga frá því að tilkynningin, sem kveðið er á um í 1. mgr., berst mega hin aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni og aðildarríkinu, sem leggur fram beiðnina, um eftirfarandi:

- a) annaðhvort tilboð um nægilegt magn fræja sem getur leyst hina tímabundnu erfiðleika varðandi framboð eða
- b) andmæli gegn setningu fræs á markað sem uppfyllir ekki kröfur tilskipananna sem um getur í 1. mgr. 1. gr.

3. Fræ, sem beiðnin tekur til, má, upp að því marki sem aðildarríkið, sem lagði fram beiðnina, bað um, setja á markað í öllu Bandalaginu án þess að uppfylla kröfurnar í tilskipununum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., berist engin tilkynning innan þeirra tímamarka sem um getur í 2. mgr. um tilboð eða andmæli til framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkisins eða -ríkjanna, sem lögðu fram beiðnina, eða ef tilboð berast sem bæði aðildarríkið, sem lagði fram beiðnina, og aðildarríkið eða -ríkin, sem lögðu fram tilboðið, eru sammála um að séu óhentug, nema framkvæmdastjórnin hafi á þessu tímabili tilkynnt aðildarríkinu, sem lagði fram beiðnina, að hún telji beiðnina ekki nægilega vel rökstudda.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna tengiliðunum, sem hvert aðildarríki tilnefnir, um skilyrðin fyrir markaðsleyfinu og leyft heildarmagn, ásamt því að birta upplýsingarnar á heimasíðu sinni.

4. Sé ekki hægt að uppfylla skilyrðin sem um getur í 3. mgr. eða framkvæmdastjórnin telur beiðnina ekki nægilega vel rökstudda ber framkvæmdastjórninni að tilkynna tengiliðum aðildarríkjanna um það.

Leggja skal málið fyrir fastanefnd um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt og, þegar við á, skal ákvörðun varðandi hvort eigi að samþykkja eða hafna beiðni tekin þegar í stað í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 1. gr.

3. gr.

Þær upplýsingar, sem krafist er í samræmi við 1. mgr. 2. gr., skulu innihalda eftirfarandi:

- a) tegund og yrki, einkum eiginleika er varða ræktun og notkun,
- b) væntanlega lágmarksspirunarhæfni,
- c) magn sem um ræðir,

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2006.

- d) fylgiskjöl sem útskýra ástæðu beiðninnar,
- e) fyrirhugaðan stað fyrir markaðssetningu og skal tilgreina þau svæði í aðildarríkinu, sem leggur fram beiðnina, sem á i erfiðleikum með framboð,
- f) gildistíma leyfis sem sótt er um.

4. gr.

Án þess að hafa áhrif á þær merkingar sem krafist er í tilskipununum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., skal vera yfirlýsing á opinbera merkimiðanum á fræinu þess efnis að fræið sem um ræðir sé í flokki sem uppfyllir vægari kröfur en þær sem mælt er fyrir um í fyrrgreindum tilskipunum, ásamt nánari upplýsingum er varða lágmarksspirunarhæfni fræsins.

5. gr.

1. Með fyrirvara um skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu aðildarríkin leyfa birgjum að setja fræ á markað sem er leyft í samræmi við 3. gr. Þau geta krafist þess að birgjar sæki um leyfi fyrir fram sem heimilt er að hafna ef:

- a) fyrir hendi eru nægar visbendingar til að efast um að birgirinn geti sett á markað það magn af fræi sem hann hefur sótt um leyfi fyrir eða
- b) heildarmagnið, sem birgirinn sækir um leyfi fyrir samkvæmt viðkomandi undanþágu, myndi fara yfir það hámarksmagn sem heimilt er í Bandalaginu skv. 2. gr.

2. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal samræma starf hinna aðildarríkjanna til að tryggja að ekki verði farið yfir leyft heildarmagn.

3. Aðildarríkin skulu veita hvert öðru stjórnsýsluaðstoð við beitingu þessarar reglugerðar. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um tengiliðina, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., innan eins mánaðar frá gildistöku þessarar reglugerðar.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.